



Uppgjör 2F 2025



30. júlí 2025

Ásta S. Fjeldsted
Magnús Kr. Ingason



- **Starfsemin á 2F**

- Í brennidepli – N1

- Uppgjör 2F 2025

- Staða og horfur


Helstu niðurstöður á 2F 2025

Vörusala

43,6 ma.kr.

+20,9% milli ára

50 ma.kr.




Framlegðarstig

25,3%

+1,5 p.p. milli ára

30%




Laun/Framlegð af vörusölu

50,7%

-0,6 p.p. milli ára

60%




EBITDA

3,9 ma.kr.

+35,1% milli ára

4,5 ma.kr.




EBITDA/Framlegð af vörusölu

35,8%

+1,9 p.p. milli ára

50%




Handbært fé frá rekstri

5,2 ma.kr.

+69,9% milli ára


6,0 ma.kr.



Helstu atriði uppgjörs

- Rekstur félagsins á öðrum ársfjórðungi ársins gekk vel, betur en stjórnendur gerðu ráð fyrir.
- Vörusala fjórðungsins jókst um 20,9% (7,3% án áhrifa Lyfju) og framlegð af vörusölu um 28,1% (10,5% án áhrifa Lyfju).
- EBITDA fjórðungsins hækkar um 35,1% milli ára (hækkar um 21,6% án áhrifa Lyfju).
- Niðurstaðan 2F2025 staðfestir áframhaldandi sókn félaga Festi, hvert á sínum markaði.
- Sterkir innviðir samstæðunnar tryggja áframhaldandi bætingu í skilvirkni og lækkun rekstrarkostnaðar.
- Reksturinn stöðugur, sjóðsstreymið sterkt sem og efnahagur.


Fjöldi viðskiptavina og sala á öðrum ársfjórðungi eykst milli ára




*2024 inniheldur ekki Lyfju



Aukning í innlendri og erlendri kortaveltu



Innlend kortavelta*



Erlend kortavelta*

2024 2025

*2024 inniheldur ekki Lyfju

Kaupréttakerfi, endurkaupáætlun og tæknilausnir




Fyrsta nýtingartímabil og hlutafé félagsins hækkað

- Fyrsta nýtingartímabil í almenna kaupréttakerfi Festi var í maí sl. og keyptu 474 starfsmenn hlutabréf í félaginu fyrir 196 millj. kr.
- Í lok júní voru 1.287 starfsmenn með kauprétti að 12,6 millj. hlutum sem er um 4% af hlutafé félagsins í dag.



Framkvæmd endurkaupa-áætlunar hófst 30. júní sl.

- Framkvæmd endurkaupa-áætlunarinnar hafin og hefur Festi nú þegar keypt 680.000 hluti frá því í lok júní.
- Áætlað er að kaupa að hámarki 2.500.000 eigin hluti í félaginu, þó þannig að fjárhæð endurkaupanna verði aldrei meiri en 800 milljónum króna að kaupverði.



Innleiðing nýrra tæknilausna auka skilvirkni og bæta sölu

- Nýjar tæknilausnir og þjónustur í N1 appi styðja við aukna sölu eldsneytis milli ára.
- Nýjar sjálfsafgreiðslulausnir á þjónustustöðvum N1 auka skilvirkni og lækka rekstrarkostnað
- Nýtt birgðastýringakerfi í Krónunni og nýir vefir ELKO og Lyfju styðja bæta niðurstöðu félaganna.

Góður framgangur í verkefnum Yrkis



Lóðir að Skógarseli og Stóragerði í Reykjavík seldar til Sérverks fyrir einn milljarð króna

- Festi undirritaði samninga við Sérverk ehf. um sölu á lóðum félagsins í Reykjavík við Skógarsel 10 og Stóragerði 40
- Samningarnir háðir ýmsum fyrirvörum, þar á meðal um endanlegt deiliskipulag lóðanna.
- Söluverð 1,010 ma.kr. – en verður ekki bókfært fyrr en fyrirvörum er aflétt. Væntingar um að hægt verði að ljúka viðskiptunum eigi síðar en á fyrsta ársfjórðungi 2026.



Lykillóð í Urriðarholti fyrir nýja Krónuverslun og skrifstofuhúsnæði

- Yrkir keypti lóðarleigu- og byggingaréttindi við Urriðaholtsstræti 3-5 í Garðabæ.
- Áform um að þar muni rísa ný Krónuverslun ásamt skrifstofuhúsnæði innan næstu 3-4 ára.
- Kaupverð 137,5 millj. kr. en kaupin eru háð ýmsum fyrirvörum, þar á meðal um endanlegt deiliskipulag lóðarinnar.



Kaup á Dalakofanum að Laugum í Reykjadal þar sem N1 hefur verið með dælur í áratugi


- Yrkir keypti Dalakofann, húsnæði undir veitingarekstur og verslun þar sem N1 hefur verið með dælur á staðnum í áratugi.
- Kaupverðið nam 89 millj.kr.
- Hluti af vegferð N1 að bjóða þjónustu hringinn í kringum landið.

ELKO: Hápunktur á 2F 2025



ELKO eykur sinn hlut á markaði

- Á öðrum ársfjórðungi jókst velta ELKO um 10%.
- Skv. Meniga jókst hlutdeild ELKO um 1,4% á meðan raftækjamarkaður minnkaði um 8%.



Vefverslun áfram að styrkjast

- **Hlutfall vefverslunar** af sölu verslana **stækkar** og var **25,6%** á 2F á móti 22,4% í fyrra.
- Nýtt útlit og aukin áhersla á aukahluti heldur áfram að styrkja vefverslunina.



ELKO sérleyfishafi ársins

- ELKO fékk verðlaun sem sérleyfishafi ársins hjá Elkjöpi 2024/25.
- Veitt þeim sem hefur sýnt framúrskarandi árangur yfir árið í rekstri, þjónustu og frammistöðu.
- Elkjöpi er með um 140 sérleyfishafa sem reka 170 verslanir víðsvegar um Norðurlöndin.



Eigin vörumerki vaxa áfram

- Áhersla á eigin vörumerki halda áfram að skila **aukinni framlegð** í reksturinn á 2F með betri skilmálum fyrir viðskiptavinum.
- Hlutfall eigin vörumerkja í 2F eykst í 4,4% úr 3,1%.

Krónan: Hápunktur á 2F 2025



Fleiri afgreiðslur og seld stykki

- Fjöldi afgreiðslna í verslunum jókst um rúm 5% á 2F milli ára.
- Fjöldi seldra stykkja jókst um tæp 6% á 2F milli ára.



Vöxtur Snjallverslunar

- Velta Snjallverslunar jókst um rúm 27% á 2F milli ára.
- Opnað á pantanir fyrir heimsendingar í **Snjallverslun á Egilsstöðum, Fellabæ, Seyðisfirði, Borganesi og Kjalarnesi** á fjórðungnum.



Vel heppnuð enduropnun Krónunnar í Vallakór

- Krónan Vallakór opnaði á ný eftir yfirhalningu og hefur fengið frábærar viðtökur.
- Framkvæmdir í nýju verslunarhúsnæði á **Fitjabraut 5** í Reykjanesbæ í fullum gangi og stefnt á **opnun í lok sumars.**



Sjálfbærniásinn og frauðplastlaus Króna

- Krónan hlaut viðurkenningu **Sjálfbærniássins í annað skipti** í hópi matvöruverslana á fjórðungnum.
- Krónan **hætti** einnig formlega **að nota frauðplastbakka** undir ferskvöru í kjötbörði verslana sinna.

Lyfja: Hápunktar á 2F 2025



Aukin sala á endurbættum vef lyfja.is

- Nýr og endurbættur vefur sett í loftið **25.júní**.
- Nú er hægt að **versla lyf og lausasölulyf** á lyfja.is líkt og í Lyfju appinu.
- Góðar viðtökur og metsala fyrstu vikuna á nýjum vef.



Áhersla húðvörudaga eykur sölu

- Áhersla á heilbrigði húðar, húðvörur og húðumhirðu.
- Uppselt á fræðsluviðburð Rögnu Hlínar húðlækni í Lyfju Skeifunni.
- Vel heppnaðir húðvörudagar þar sem sölumagn jókst um 21% frá síðasta ári.



Endurbætt verslun Garðatorgi


- Lyfja Garðatorgi hefur lokið umbreytingu takt við stefnu og vegferð Lyfju.
- Hafa nú allar verslanir Lyfju á höfuðborgarsvæðinu verið endurhannaðar í nýju og uppfærðu útliti.

N1: Hápunktar á 2F 2025



Stöðin mín – ný nálgun á eldsneytismarkaði

- Stöðin mín er ný þjónusta í appinu sem gerir þér kleift að velja þína eigin N1 stöð og fá þar lægsta eldsneytisverð okkar.
- Valið er frjálst og gildir um allt land. Við færum valið til fólksins
- Hægt er að skipta um stöð á 30 daga fresti.



Nýjungar í appi

- **Dældu í appinu**
Nú getur þú hafið dælingu & greitt fyrir eldsneyti í gegnum appið.
- Nú fást N1 punktar fyrir hraðhleðslu og heimilisrafmagn.
- Fjöldmargar nýjungar væntanlegar á næstunni.



Nýjar staðsetningar

- Ný sjálfsafgreiðslustöð opnaði á Fiskislóð 1. maí. Hraðhleðsla væntanleg.
- Framkvæmdir að hefjast við nýja fjölorkustöð við Geysi í Haukadal. Opnar í apríl 2026.



Styrking hleðsluinnviða

- Nýjar og öflugar hraðhleðslustöðvar settar upp í Borgarnesi, Hvolsvelli, Blönduósi og Staðarskála.
- Tesla hefur opnað nýjar hleðslustöðvar við þjónustustöðar N1 á Blönduósi og Egilsstöðum.



- Starfsemin á 2F
- **Í brennidepli – N1**
- Uppgjör 2F 2025
- Staða og horfur

Eitt og eitt félag í brennidepli á fjárfestakynningum Festi – Magnús Hafliðason, framkvæmdastjóri, kynnir N1



Hlutdeildarfélög

BAKKINN
vöruhótel

Bakkinn rekur tvö vöruhús, í Skarfa-
gördum og Kletta-
gördum, sem sér-
hæfa sig í vöruhýs-
ingu, pökkun, vöru-
merkingu, afgreiðslu
og dreifingu á vörum
fyrir viðskiptavinum.

ELKO

ELKO er stærsta raf-
tækjaverslun lands-
ins með fimm versl-
anir ásamt einni
stærstu vefverslun
landsins.

KRÓNAN

Krónan er
lágvöruverðsverslun
sem rekur 26
verslanir um land allt
áuk Snjallverslunar.

LYFJA

Lyfja starfrækir 44
apótek og útibú allan
hringinn í kringum
landið áuk
vefverslunar og
apps.

N1

N1 rekur 29
þjónustustöðvar og
68 eldsneytis-
afgreiðslur um land
allt ásamt
bílaþjónustu og
verslunum.

Yrkir

Yrkir er
fasteignafélag Festi
og rekur og þróar
eignir og lóðir í
eignasafninu. Tæpir
100 þúsund
fermetrar af
atvinnuhúsnæði í
eigu eða rekstri
félagsins.



EAK ehf.

ebk ehf.

dropp

**MALIK
SUPPLY**

**ICELANDIC
FOOD
COMPANY**

VÍNPORTIÐ

HEILSA

Heilsuhúsið



Fjárfestakynning

Magnús Hafliðason

Framkvæmdastjóri N1

Dalvegur – 30. júlí 2025



Nýtt upphaf á sterkum grunni

- Fyrstu mánuðirnir ánægjulegir og lærdómsríkir – nýjar áherslur fengið góðar viðtökur innanhúss.
- Gríðarlega öflugt innviða- og þjónustufyrirtæki með einstaka stöðu á markaði og mikla þekkingu í mannauði.
- Skipulagsbreytingar og stefnumótun fyrir félagið og innan hvers sviðs.
- Við byggjum á styrkleikum félagsins í dag og leitum tækifæra til innri og ytri vaxtar.



Samstæða innan samstæðu




Sterk niðurstaða á 2F sýnir styrk félagsins

- Vörusala eykst og góður árangur í lækkun kostnaðar.
- Sterk viðskiptasambönd og vítt þjónustuframboð um allt land – bæði á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði grunnurinn að góðu gengi.
- Áhersla á að auka framlegð á öllum sviðum og lækkun kostnaðar. Gera meira fyrir minna.
- Ferðalög landsmanna og fjöldi ferðamanna styður sérstaklega við reksturinn yfir sumar mánuðina.



Stöðin mín

- Stöðin mín kynnt til leiks í byrjun júní og viðtökurnar strax mjög góðar.
- Markmiðið er einfalt, að færa afsláttinn nær fólki með því að leyfa hverjum og einum að velja sína stöð og fá þar lægsta verðið.
- Viðskiptavinir taka vel í þessa nálgun og ákall eftir áframhaldandi virkni.
- Stöðin mín markar nútímalega breytingu á hvernig afsláttarkerfi eru útfærð í þessum geira og appið okkar er burðarásinn í þessari vegferð.



N1 appið

- Appið er kjarninn í okkar stafrænu þjónustu. Mikil aukning í skráningum og notkun undanfarna mánuði.
- Nú hægt að opna dælu og greiða beint í appinu. Hvort sem er með greiðslukorti eða N1 punktum.
- Áfram hægt að bóka dekkjaskipti, dekkjahótel og smurþjónustu.
- Þróunin heldur áfram og appið verður sífellt mikilvægara.





Þjónustustöðvar í nýju ljósi

- Aukin áhersla á að þjónustustöðvar okkar bjóði upp á upplifun sem stenst kröfur og væntingar nútíma-viðskiptavina, bæði hvað varðar vöruúrval og þjónustu.
- Til að styðja við þessa vegferð verða valdar stöðvar endurnýjaðar að innan jafn utan. Þessar uppfærslur mun styrkja ásýnd og skapa betri heildarupplifun viðskiptavina.
- Jafnframt horfum við til þess að hámarka nýtingu á fasteignum og lóðum félagsins. Sterkar staðsetningar um allt land skapa tækifæri til að veita betri þjónustu við bæði ferðafólk og nærumhverfi.
- Samfélagslegar breytingar kalla á nýja nálgun og N1 er í lykilstöðu til að mæta þeim með sveigjanleika og skýra framtíðarsýn.

Orkuskiptin

- Rafmagnið er vaxandi og öflugt svið innan félagsins. Þjónustar bæði heimili og fyrirtæki og rekur hraðhleðslustöðvar undir merkjum N1.
- Endurnýjaðar hraðhleðslustöðvar á lykilstaðsetningum: Borgarnesi, Staðarskála, Hvolsvelli og Blönduósi
- Uppbygging Tesla á hleðslustöðum við þjónustustöðvar N1. Nýlega opnað á Blönduósi og Egilsstöðum. Hveragerði og fleiri staðsetningar á næstu vikum.
- Við ætlum að vera leiðandi í orkuskiptum og sækja ný tækifæri í nýorku.



Vegferðin framundan

- N1 stendur á sterkum grunni, með mikla þekkingu innanhúss og sterka tengingu við bæði einstaklinga og fyrirtæki um allt land.
- Við sjáum einstakt tækifæri til að nýta þessa stöðu til uppbyggingar og sækja fram á markaðnum.
- Við ætlum að nálgast það af krafti, með einfaldleika í fyrirrúmi, skýrum áherslum í þjónustu og markmiði um að skapa raunverulegt virði fyrir viðskiptavinum okkar.






- Starfsemin á 2F
- Í brennidepli – N1
- **Uppgjör 2F 2025**
- Staða og horfur

Rekstur 2. ársfjórðungs 2025


- ♦ **Tekjur af vöru- og þjónustusölu** jukust um 7,5 ma.kr. eða 20,9% á milli ára.
- ♦ **Framlegð af vörusölu** nam 11,0 ma.kr. Aukningin nam 2,4 ma.kr. eða 28,1% á milli ára.
- ♦ **Framlegðarstig** nam 25,3%, hækkar um 1,5 p.p. milli ára.
- ♦ **Laun og starfsmannakostnaður** nam 5,6 ma.kr., hækkun um 1,2 ma.kr. eða 26,6% milli ára.
- ♦ **Stöðugildin** voru 1.694 á fjórðungnum, aukning um 271 eða 19,0% á milli ára.
- ♦ **Annar rekstrarkostnaður** hækkar um 0,3 ma.kr. eða 14,5% milli ára.
- ♦ **EBITDA** nam 3,9 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi **2025**, hækkun um 1,0 ma.kr. eða 35,1% milli ára.
- ♦ **Hagnaður** nam 1,4 ma.kr. sem er **hækkun um 0,5 ma. kr. milli ára.**

Milljónir króna	2F 2025	2F 2024	Breyt.	% Breyt.
Tekjur af vöru- og þjónustusölu	43.579	36.037	7.542	20,9%
Framlegð af vörusölu	11.008	8.593	2.415	28,1%
Leigutekjur og aðrar rekstrartekjur	569	527	43	8,1%
Laun og annar starfsmannakostnaður	(5.585)	(4.410)	(1.175)	26,6%
Annar rekstrarkostnaður	(2.055)	(1.794)	(261)	14,5%
EBITDA	3.938	2.915	1.022	35,1%
Hagnaður tímabilsins	1.419	953	467	49,0%
Önnur heildarafkoma samtals	57	(11)	68	-
Heildarafkoma ársins	1.477	942	535	56,7%
Lykiltölur				
EBITDA/framlegð af vörusölu	35,8%	33,9%	+1,9 p.p.	5,4%
Laun/framlegð af vörusölu	50,7%	51,3%	-0,6 p.p.	-1,2%
Hagnaður á hlut	4,55	3,16	1,39	43,9%

EBITDA/framlegð (12m undirliggjandi)



Arðsemi eigin fjár (12m undirliggjandi)





*Leiðrétt fyrir 750 millj. kr. stjórnvaldssekt í 4F 2024

Framlegð af vörusölu á 2F

- ♦ **Aukin vörusala** í öllum vöruflokkum frá fyrra ári.
- ♦ **Heildarframlegð** nam 11,0 ma.kr. og eykst um 28,1% frá fyrra ári.
- ♦ **Framlegðarhlutfallið á 2F 2025 var 25,3%**, hækkar um 0,9 p.p frá 1F 2025 og 1,5 p.p. frá síðasta ári.
- ♦ **Framlegðarstig hækkar** í öllum vöruflokkum nema annarri vöru.
- ♦ **Framlegð af dagvöru í krónum** eykst um 15,4% frá fyrra ári, **eldsneyti og rafmagn** eykst um 20,8%, **raftækjum** eykst um 11,2% milli ára og **öðrum vörur** eykst um 23,4% milli ára.

Framlegð af vörusölu




Laun og starfsmannakostnaður á 2F 2025


- ♦ **Laun og starfsmannakostnaður** nam 5,6 ma.kr. og hækkar um 1,2 ma.kr. eða 26,6% á milli ára en 5,9% án Lyfju.
- ♦ **Stöðugildum fjölgar um 271 milli ára eða 19% en 0,5% án Lyfju.** Mikill fókus á aukna sjálfvirkni með tæknilausnum og skilvirkni í störfum.
- ♦ **Meðallaunakostnaður á stöðugildi hækkar um 6,6% milli ára en 5,0% án áhrifa frá Lyfju (3,5% hækkun 1. jan 25).**
- ♦ **Í heildina þá nemur hækkunin milli ára 4,5% án áhrifa aukningar í stöðugildum.**

Laun og starfsmannakostnaður 2F 2024	4.410
Stöðugildi - breyting	977
Samningsbundnar launahækkanir	143
Breyting í starfsmannakostnaði	37
Kaupréttir	6
Aðrar breytingar	12
Laun og starfsmannakostnaður 2F 2025	5.585

Laun og starfsmannakostnaður
Samanburður milli ára



Stöðugildi
Samanburður milli ára



ELKO - Helstu niðurstöður á 2F 2025



Raftækjaverslanir



Jafnvægisvögin 2024



Framúrskarandi
fyrirtæki 2024

- Tekjur 5,0 ma.kr., aukning um 437 m.kr. eða 9,7% á milli ára.
- Framlegðarstig hækkar um 0,6 p.p. frá síðasta ársfjórðungi og 0,1 p.p. milli ára.
- EBITDA nam 428 m.kr. sem er aukning um 81 m.kr. eða 23,2% á milli ára.
- Hagnaður nam 174 m.kr. sem er hækkun um 50 m.kr. eða 40,7% milli ára.

Milljónir króna	2F 2025	2F 2024	Breyting	%
Heildartekjur	4.952	4.515	437	9,7%
Heildargjöld	(4.524)	(4.167)	(357)	8,6%
EBITDA	428	348	81	23,2%
EBITDA-hlutfall	8,6%	7,7%	+0,9 p.p.	12,3%
EBIT	250	196	54	27,8%
EBIT-hlutfall	5,0%	4,3%	+0,7 p.p.	16,5%
Hagnaður	174	124	50	40,7%



Krónan - Helstu niðurstöður á 2F 2025



Matvöruverslanir



Sjálfbærniásinn í
annað sinn



Ánægðustu viðskiptavinir
á matvörumarkaði

- Tekjur 20,0 ma.kr., hækkun um 2,0 ma.kr. eða 11,1% á milli ára.
- Sami fjöldi verslana en nýir staðir opna í Snjallverslun milli ára.
- Framlegðarstig hækkar um 0,2 p.p. frá síðasta ársfjórðungi en lækkar um 0,5 p.p. milli ára.
- EBITDA 1,5 ma.kr., sem er hækkun um 134 m.kr eða 9,7% á milli ára.
- Hagnaður nam 652 m.kr. sem er hækkun um 99 m.kr. eða 18,0% á milli ára.

Milljónir króna	2F 2025	2F 2024	Breyting	%
Heildartekjur	20.061	18.063	1.998	11,1%
Heildargjöld	(18.551)	(16.687)	(1.864)	11,2%
EBITDA	1.510	1.376	134	9,7%
EBITDA-hlutfall	7,5%	7,6%	-0,1 p.p.	-1,2%
EBIT	902	753	150	19,9%
EBIT-hlutfall	4,5%	4,2%	+0,3 p.p.	7,9%
Hagnaður	652	553	99	18,0%



Lyfja - Helstu niðurstöður á 2F 2025



Apótek og útibú



Jafnvægisvugin 2024



Framúrskarandi
fyrirtæki 2024

- Tekjur 5,0 ma.kr., aukning um 0,4 ma.kr. eða 8,3% á milli ára.
- Framlegðarstig lækkar um 0,6 p.p. milli ára.
- EBITDA 392 millj. kr. sem er aukning um 26 m.kr. eða 7,0% á milli ára.
- Afskrift yfirverðs 74 millj. kr. vegna kaupanna á Lyfju er ekki í samanburðartölum.
- Hagnaður nam 65 millj. kr. sem er minnkun um 44 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	2F 2025	2F 2024	Breyting	%
Heildartekjur	4.961	4.580	381	8,3%
Heildargjöld	(4.570)	(4.214)	(356)	8,4%
EBITDA	392	366	26	7,0%
EBITDA-hlutfall	7,9%	8,0%	-0,1 p.p.	-1,2%
EBIT	118	192	(74)	-38,4%
EBIT-hlutfall	2,4%	4,2%	-1,8 p.p.	-43,1%
Hagnaður	65	109	(44)	-40,3%



N1 - Helstu niðurstöður á 2F 2025



 **96**

Afgreiðslustaðir
eldsneytis

 **12**

Hjólbarða og
smurverkstæði

 **13**

Afgreiðslustaðir
rafhleðslu

- Tekjur námu 14,5 ma.kr., aukning um 0,3 ma.kr. milli ára.
- Sala eldsneytis og rafmagns hækkar um 0,2 ma.kr. eða 1,5%. Salan nam 57,1 millj. lítrum sem er 3,3% aukning frá síðasta ári.
- Framlegðarstig N1 hækkar um 2,5 p.p. milli ára. Leiðrétt fyrir áhrifum HMV eldsneytis og gengi gjaldmiðla er hækkunin 0.3 p.p milli ára.
- EBITDA nam 1,7 ma.kr. sem er hækkun um 457 m.kr. eða 37,8% á milli ára.
- Hagnaður á fjórðungnum var 528 m.kr., og hækkar um 308 millj. kr á milli ára.

Milljónir króna	2F 2025	2F 2024	Breyting	%
Heildartekjur	14.514	14.258	256	1,8%
Heildargjöld	(12.849)	(13.049)	201	-1,5%
EBITDA	1.665	1.209	457	37,8%
EBITDA-hlutfall	11,5%	8,5%	+3,0 p.p.	35,4%
EBIT	832	495	337	68,1%
EBIT-hlutfall	5,7%	3,5%	+2,3 p.p.	65,1%
Hagnaður	528	220	308	140,1%



Yrkir - Helstu niðurstöður á 2F 2025

 **84**

Fasteignir í eigu
samstæðunnar

 **99%**

Húsnæðis í útleigu

 **90%**

Eigin not húsnæðis

- Tekjur 1,1 ma.kr., aukning um 0,1 ma.kr. eða 5,0% á milli ára.
- Hreinar rekstrartekjur fasteigna (NOI) 951 m.kr. en var 918 m.kr. á 2F 2025, aukning um 3,6%.
- Hlutfall húsnæðis í útleigu hækkar um 1 p.p. eða upp í 99% í kjölfarið á kaupum á Dalakofanum og Hvaleyrarbraut 3.
- EBITDA nam 889 m.kr. sem er aukning um 5,0% milli ára.
- Gangvirðishækkun nam 82 millj. kr. sem er lækkun um 60 millj. kr. milli ára.
- Hagnaður fjórðungsins nam 31 millj. kr. sem er lækkun um 18 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	2F 2025	2F 2024	Breyting	%
Heildartekjur	1.119	1.066	54	5,0%
Heildargjöld	(231)	(219)	(11)	5,1%
EBITDA	889	846	43	5,0%
EBITDA-hlutfall	79,4%	79,4%	-0,0 p.p.	0,0%
EBIT	442	504	(62)	-12,3%
EBIT-hlutfall	39,5%	47,3%	-7,8 p.p.	-16,5%
Hagnaður	31	50	(18)	-36,5%


Efnahagsreikningur 30.06.2025

Milljónir króna	30.6.2025	31.12.2024	Breyt.	%
Rekstrarfjármunir	42.090	41.217	873	2,1%
Óefnislegar eignir	26.378	26.564	(185)	-0,7%
Aðrir fastafjármunir	21.234	20.512	722	3,5%
Fastafjármunir alls	89.702	88.293	1.410	1,6%
Birgðir	14.316	14.118	198	1,4%
Viðskipta- og skammtímakröfur	7.823	8.349	(526)	-6,3%
Handbært fé	5.142	4.075	1.067	26,2%
Veltufjármunir alls	27.281	26.542	739	2,8%
Eignir samtals	116.983	114.835	2.149	1,9%
Eigið fé	44.123	43.493	630	1,4%
Skuldir við lánastofnanir	28.595	29.340	(745)	-2,5%
Leiguskuldir	10.665	10.001	663	6,6%
Tekjuskattskuldbinding	8.168	7.764	404	5,2%
Langtímaskuldir alls	47.428	47.105	323	0,7%
Skuldir við lánastofnanir	2.307	3.227	(920)	-28,5%
Leiguskuldir	1.463	1.388	75	5,4%
Viðskipta- og skammtímaskuldir	21.663	19.621	2.041	10,4%
Skammtímaskuldir alls	25.433	24.236	1.196	4,9%
Skuldir og eigið fé alls	116.983	114.835	2.149	1,9%


Efnahagur stækkar um 2,1 ma. kr. frá áramótum

- ♦ Fjárfestingar nema 3,1 ma. kr.
- ♦ Lækkun viðskiptakrafna 0,5 ma. kr.
- ♦ Lækkun vaxtaberandi lána 1,7 ma. kr.
- ♦ Aukning annarra skammtímaskulda 2,0 ma. kr.

Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA (12m undirliggjandi)



Eiginfjárhlutfall




Sjóðstreymi samstæðunnar á 2F 2025

Milljónir króna	2F 2025	2F 2024	Breyt.	%
Handbært fé í upphafi tímabils	5.029	2.961	2.067	69,8%
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	3.938	2.915	1.022	35,1%
Breytingar á rekstrartengdum liðum	2.105	922	1.182	128,2%
Vextir og skattar	(837)	(775)	(62)	8,1%
Handbært fé frá rekstri	5.205	3.063	2.142	69,9%
Fjárfestingar	(2.172)	(956)	(1.217)	127,3%
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	407	427	(20)	-4,6%
Fjárfestingarhreyfingar	(1.766)	(529)	(1.236)	233,5%
Viðskipti við hluthafa	(1.401)	(904)	(497)	55,0%
Afborganir af vaxtaberandi lánum	(1.952)	(1.155)	(797)	69,0%
Fjármögnunarhreyfingar	(3.353)	(2.059)	(1.294)	62,8%
Gengismunur af handbæru fé	27	(41)	68	166,4%
Handbært fé í lok tímabils	5.142	3.395	1.747	51,5%

Sjóðstreymið gríðarlega sterkt

- ♦ Handbært fé frá rekstri 5,2 ma. kr.
- ♦ Fjárfestingar 2,2 ma. kr.
- ♦ Greiddur arður nam 1,4 ma. kr.
- ♦ Greiddar afborganir vaxtaberandi lána nam 2,0 ma. kr.
- ♦ Handbært fé í lok júní nam 5,1 ma. kr.

Viðskipti við hluthafa/hagnaður



*Endurkaup hlutabréfa í Festi eru í gangi og klárast fyrir árslok 2025



- Starfsemin á 2F
- Í brennidepli – N1
- Uppgjör 2F 2025
- **Staða og horfur**

Markaðstengdar upplýsingar


Hluthafar (10 stærstu)	%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	14,3
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	10,3
Gildi - lífeyrissjóður	9,1
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	8,9
Stapi lífeyrissjóður	5,5
Almenni lífeyrissjóðurinn	4,7
Birta lífeyrissjóður	4,0
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	3,2
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	3,0
Brú R deild	2,5

Gengi hlutabréfa á Nasdaq OMX



Markaðsupplýsingar	30.6.2025	31.12.2024	Breyting
Útistandandi hlutir	312 m.	311 m.	0,3%
Verð í lok tímabils	285 kr.	284 kr.	0,4%
Markaðsvirði	89.006 m.kr.	88.396 m.kr.	0,7%
Velta 12m	60.988 m.kr.	36.098 m.kr.	69,0%
Fjöldi hluthafa	1.653	1.219	35,6%
Hagnaður á hlut (12M)	14,65	13,13	11,5%

Hagnaður á hlut sl. 12 mánuði (kr. á hlut)



Horfur fyrir árið 2025

Staða og horfur:

- ♦ Horfur í rekstri heilt yfir góðar. Sumarið hefur verið gott með aukningu heimsókna í verslanir milli ára og útlitið ágætt fram á veginn.
- ♦ Samlegð af innkomu Lyfju er farin að skila sér. Nýjar tæknilausnir hafa fengið góðar viðtökur og er góður vöxtur í net- og appsölu þvert á öll félögin um land allt.
- ♦ Yfirhalning og uppbygging lykileininga í fullum gangi: Bakinn í breytingum á húsnæði til að styðja enn betur við systurfélög, Krónan að opna nýja glæsilega verslun að Fitjum í Reykjanesbæ í lok ágúst, N1 byrjaður að skerpa á útliti og þjónustu starfsstöðva sinna með auknum sjálfsafgreiðslulausnum o.fl.
- ♦ Félagið er fjárhagslega sterkt og vel í stakk búið að takast á við frekari vöxt og tækifæri til að efla enn frekar afkomu félagsins.

Forsendur og áhætta á seinni helmingi ársins:

- ♦ Verðbólga áætluð um 4% út árið.
- ♦ Gert ráð fyrir að áhrif stríðsátaka á vöruframboð verði óveruleg.
- ♦ Gert ráð fyrir lítilsháttar aukningu ferðamanna milli ára á seinni helmingi ársins.
- ♦ Gert ráð fyrir að stýrivextir verði óbreyttir á seinni helmingi ársins.
- ♦ Sterk staða íslensku krónunnar veikir samkeppnisstöðu landsins. Óvissa um áhrif þess á hagkerfið.

Afkomuspá og fjárfestingaspá Festi fyrir árið

- ♦ **EBITDA spá fyrir árið 2025 var hækkuð 17. júlí um 800 millj. kr. og nemur 15.200 – 15.600 millj. kr.**
- ♦ **CAPEX spá félagsins fyrir árið 2025 hækkar um 600 millj. kr. og nemur 5.800 – 6.200 millj. kr.**



Takk fyrir

◆ Fyrirvarar

- ◆ Allar upplýsingar í kynningunni byggja á heimildum sem Festi hf. telur áreiðanlegar við birtingu hennar, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.
- ◆ Allar upplýsingar í kynningunni eru í eigu Festi hf. Ekki er heimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt upplýsingum úr kynningunni, hvorki að hluta til né í heild.
- ◆ Þessi kynning er aðeins ætluð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur að ákvarðanatöku viðtakenda. Viðtakendum ber ekki að túlka upplýsingar í kynningu þessari sem loforð eða leiðbeiningar. Festi hf. ber ekki að veita viðtakendum kynningar þessarar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.
- ◆ Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupátta sem geta haft þau áhrif að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við gengi gjaldmiðla, heimsmarkaðsverð á eldsneyti, framboð á fjármagni, gildistöku nýrra laga og áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru.
- ◆ Festi hf. tekur fram að viðtakendur kynningarinnar eiga ekki að treysta á staðhæfingar í henni í framtíðinni þar sem þær eiga eingöngu við á útgáfudegi kynningarinnar. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.
- ◆ Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

